

AUGLÝSING

varðandi umsóknir um leyfi til að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pharmaciae) og starfa sem slíkur hér á landi.

Samkvæmt 15. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 ber þeim, sem öðlast vilja rétt til að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pharmaciae) og starfa sem slíkur hér á landi, að fá til þess leyfi ráðherra.

Þeir, sem lokið hafa prófum þeim, er um ræðir í 15. gr. lyfsölulaga eftir gildistöku lyfsölulaga, 1. júlí 1963, og óska eftir að öðlast framangreindan rétt, skulu senda um það umsókn til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, er fylgi afrit af prófskírteini og auk þess vottorð um, að umsækjandi fullnægi skilyrðum 2. og 3. töluliðs 1. mgr. 9. gr. lyfsölulaga og að ákvæði 6. töluliðs sömu málsg. eigi ekki við um hagi hans.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. október 1964.

F. h. r.
Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 278.

11. nóvember.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 13. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., til þess að setja svofelldar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs.

1. Fob-verð notaðrar bifreiðar skal fundið á þann hátt, að til grundvallar sé lagt fob-verð nýrrar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund, en nýjustu árgerð, eins og það er á komudegi þess farartækis, sem flytur notuðu bifreiðina til landsins, að frádregnum þeim hundraðshluta, fyrir hvert ár af aldri bifreiðarinnar, sem hér segir:

0—1 ár	0%
1—2 ár	15%
2—3 ár	25%
3 ár og eldri	35%

2. Nú hefur maður, er flytur búferlum til landsins, bifreið með sér frá útlöndum og bifreiðin er eldri en 4 ára og hefur verið í eigu þess manns í a. m. k. full 2 ár, og má þá halda áfram að fyrna bifreiðina umfram það, sem getur í 1. lið um allt að 10% á ári frá 4 ára aldri.
3. Aldur bifreiðar reiknast frá þeim degi, sem hún var tekin í notkun. Liggi ekki fyrir óbyggjandi upplýsingar um það, hvenær bifreiðin var tekin í notkun, skal miða fyrningu við 1. júlí það ár, sem gerð bifreiðarinnar er kennd við, eða framleiðsluárið, ef árgerð helzt óbreytt tvö ár eða fleiri.

Verð bifreiðarinnar miðast við aldur hennar á komudegi þess farartækis, sem bifreiðina flytur til landsins.

Bifreið erlends sendiráðs eða sendiráðsstarfsmanns, sem seld er hérlendis, en hefur verið flutt inn samkv. 8. tölulið 2. gr. tollskrárlaga, fyrnist samkv. 1. lið, en skoðast flutt til landsins á söludegi.

4. Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða skv. 1. lið, skal hvorki taka tillit til útlits né ástands þeirra.
5. Matsregla sú, sem fram kemur í 1. tölulið, er bindandi og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða, til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi. Þó má meta til tollverðs eftir eldri reglum bifreiðar, sem innflutningsleyfi hefur þegar verið veitt fyrir, eða loforð um innflutningsleyfi, enda verði þessar bifreiðar að fullu tollafgreiddar fyrir 1. febrúar 1965.

Fjármálaráðuneytið, 11. nóvember 1964.

F. h. r.

Sigr. Klemenzson.

Björn Hermannsson.

9. desember.

Nr. 279.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sé veiðiskip lengur í veiðiför en 24 klst., skal slægja allan fisk og þvo strax og honum hefur blætt út.

Taki veiðiför skemmri tíma, skal slægja allan fisk, sem veiddur er á tímabilinu 20. maí til 15. september, svo og allan fisk, sem veiddur er í nótt eða vörpu á hvaða árstíma sem er. Á tímabilinu 15. september til 20. maí er heimilt að koma með óslægðan fisk að landi sé hann veiddur í önnur veiðarfæri en nótt eða vörpu og aflanum landað daglega.

Þess skal vel gætt við þvott, að ekki sé skilið eftir í kviðarholi leifar af lifur, innyflum, æti eða blóði. Fisk skal slægja þannig, að ekki sé skorið fram úr líf-odda.

2. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Strax eftir slægingu og þvott skal allur fiskur ísaður nægilega með hreinum ís og lagður þannig, að kviðarhol snúi niður.

Sé um lengri veiðiför að ræða, skal skráð á eyðublað, hvar og hvenær fiskurinn er látinn í stíu, og skal afhenda eyðublaðið eftirlitsmanni við löndun.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 9. desember 1964.

Emil Jónsson.

Jón Sigurðsson.